

**Ed. 249. Frumvarp til laga [153. mál]**

um breytingu á lögum nr. 29 16. desember 1885, sbr. lög nr. 32 29. apríl 1967 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

**1. gr.**

11. töluliður 1. gr. laganna orðist svo:

Umsamdar greiðslur atvinnurekanda í sjúkra-, orlofs- og styrktarsjóði, svo og iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit, sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga til viðnáms gegn verðbólgu nr. 103 30. nóvember 1978.

Eins og frumvarpið ber með sér er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu á lögum nr. 29/1885 sbr. lög nr. 32/1967 að lögtaksréttur taki einnig til þeirra umsöndu greiðslna, sem atvinnurekendum ber að standa skil á í orlofssjóði launþega svo og til allra iðgjaldagreiðslna í lífeyrissjóði.

Eindregnar óskir hafa komið fram um það frá fulltrúum launafólks, að þessi breyting verði gerð, og þykir rétt að verða við þeim vegna hins sérstaka eðlis þessara framlaga sem telja verður að séu í raun hluti af launum starfsmanna.

Ekki er talin ástæða til þess að gera í þessu efni greinarmun á þeim hluta lífeyrисиðgjalda sem atvinnurekandi heldur eftir af launum starfsmanna sinna og þess hluta, sem honum ber sjálfum að leggja fram.